



Reykjavíkurborg

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2023
VEL23050017

Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 703 – 546. mál.

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum, er send var Reykjavíkurborg til umsagnar þann 9.maí 2023.

Það er mat Reykjavíkurborgar að afar brýnt sé að tryggja eftirlit með rekstri og umsjón áfangaheimila ásamt því að leyfisskylda verði gerð að skilyrði fyrir rekstri slíkra úrræða. Því telur Reykjavíkurborg framkomna tillögu til þingsályktunar mjög jákvæða.

Ljóst er að lagarammi í tengslum við áfangaheimili er mjög takmarkaður og skýra skilgreiningu á úrræðinu er hvergi að finna í lögum. Þeir einstaklingar sem dveljast á áfangaheimilum eru oftast einstaklingar í viðkvæmri stöðu og því er mjög brýnt sé að gerðar séu ríkar kröfur til þeirra sem sinna þjónustu við þá. Einnig er mjög brýnt að lög og/eða reglugerð kveði á um hvaða lágmarkskröfur eigi að gera til starfsemi áfangaheimila, bæði rekstrarlega og einnig varðandi innihald þjónustunnar og þess stuðnings sem þar er veittur.

Óformleg skilgreining á þeim áfangaheimilum sem rekin eru á vegum Reykjavíkurborgar er á þennan veg:

Áfangaheimili er tímabundið leiguhúsnaði sem ætlað er einstaklingum sem lokið hafa vímuefnaferð, neyta ekki vímuefna, eru í virkri endurhæfingu og þurfa stuðning við að aðlagast samfélaginu á nýjan leik. Notendur þurfa að hafa færni og getu til að fylgja húsreglum og búa í nánú samneyti við aðra íbúa.

Reykjavíkurborg telur einnig rétt að kanna hvort æskilegt sé að útvíkka enn frekar þingsályktunartillöguna þannig að eftirlit, umsókn og leyfisskylda nái almennt til allra aðila sem veita þjónustu eða stuðning til einstaklinga sem teljast í viðkvæmri stöðu. Slíkt myndi þá ná til aðila sem ekki teljast leyfisskyldir samkvæmt öðrum lögum, t.d. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Nauðsynlegt væri þá að skilgreina hvaða hópar það eru sem falla undir það að teljast vera í viðkvæmri stöðu og hvaða lágmarkskröfur eigi að gera til þeirra aðila sem veita slíkum hópum stuðning eða þjónustu.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

f.h. Reykjavíkurborgar,

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri velferðarsviðs